



Úthlutunarreglur fyrir Höfundasjóð Myndstefs

Höfundasjóður Myndstefs **úthlutar** árlega höfundaréttargreiðslum til félagsmanna (þ.m.t. erfingja höfundaréttar) og annars sjónlistarfólks að undangengnu umsóknarferli. Annars vegar er úthlutað til verkefna og hins vegar til ferða, menntunar og vinnustofu dvalar. Ráðstöfunarfé sjóðsins er takmarkað og því er ekki sjálfkrafa **úthlutað** fé til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið.

Fé sem rennur í Höfundasjóð Myndstefs kemur að miklu leyti frá Fjölís, IHM í gegnum samningskvaðasamninga, þ. á m. safnasamninga o.fl. Lesa má nánar um réttindatekjur í gagnsæisskýrslu Myndstefs.¹

1. Úthlutunarnefnd er skipuð þrem aðilum í Myndstefi - einum frá hverri af stoðunum; Hönnun og Arkitektúr (MHA), Ljósmyndun (LMÍ) og Myndlist (SÍM). Stjórnir stoðanna tilnefna einn fulltrúa (og varamann) sem situr tvö ár af þremur í nefndinni. Þriðji aðillinn ár hvert kemur úr stjórn Myndstefs og er hann frá þeirri stoð sem ekki á tilnefndan fulltrúa það árið. Hann er formaður nefndarinnar og sér um undirbúning og boðun funda. Varðandi vanhæfi nefndarfólks skal fara að lögum. Tekið er við rafrænum umsóknum.
2. Umsóknir um verkefni (t.d. bók, sýningu eða annað sjónrænt framlag) sem langt er komið eða lokið á síðustu 12 mánuðum njóta forgangs fram yfir verkefni á hugmyndastigi. Umsækjanda er heimilt að senda að hámarki tvær umsóknir. Verkefni skal lokið innan tveggja ára. Umsókn skal vera í nafni tiltekins höfundar eða erfingja rétthafa. Aðeins er úthlutað til einstaklinga.
3. Úthlutunarnefnd starfar sjálfstætt og óháð skrifstofu Myndstefs. Gögn og störf nefndar eru trúnaðarmál. Umsækjanda er óheimilt að hafa samband vegna umsóknar sinnar við þau sem sitja í úthlutunarnefnd. Brot gegn því getur leitt til þess að umsókn verði vísað frá.
4. Úthlutunarnefnd skal leitast við að gæta jafnræðis. Einnig skal tekið tillit til að úthlutað sé með sanngjörnum hætti til hvers fags eða greinar innan Myndstefs, m.a. m.t.t. flokka réttiðagreiðslna eða samningskvaðasamninga. Nefndin skal fara ítarlega yfir umsóknir og leggja faglegt mat á starfsferil og verkefni. Að öðru jöfnu ganga þeir umsækjendur fyrir sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum síðastliðin tvö ár.
5. Formaður úthlutunarnefndar kynnir niðurstöður fyrir stjórn Myndstefs. Niðurstöður eru tilkynntar umsækjendum í tölvupósti og birtar á heimasíðu Myndstefs eigi síðar en 20. sept. ár hvert. Niðurstöður eru endanlegar og ekki er hægt að kæra þær. (Bent er á að skv. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er ekki skylda að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutanir á sviði lista, menningar eða vísinda).
6. Framlag úr Höfundaréttarsjóði Myndstefs sem nemur hærri upphæð en 500 þús. er greitt í tveim jafn háum upphæðum og er síðari helmingur afhentur að verkefni loknu. Þau sem hljóta framlag úr sjóðnum ber að afhenda skilagrein til skrifstofu Myndstefs innan tveggja ára. Hafi umsækjandi sem hlotið hefur fé úr sjóðnum ekki afhent skilagrein telst ný umsókn ógild. Sé verkefni ekki lokið innan tveggja ára áskilur Myndstef sér rétt til að fara fram á endurgreiðslu.

¹ <https://myndstef.is/wp-content/uploads/2025/06/gagnsaeisskyrsla-2024.pdf>